

# Ágrip

Viðfangsefni ritgerðarinnar er könnun á umfjöllun Jónasar Hallgrímssonar um ást og eftirsjá í nokkrum ljóðum hans. Leitað var fanga í bréfum hans og samtíðarmanna, ljóðin skoðuð með tilliti til þess hvar og hvenær þau voru skrifuð og kynni hans af þremur nafngreindum konum athuguð eftir því sem heimildir leyfðu.

Kenningar bókmenntafræðinga voru bornar saman, einkum þegar kom að því að tengja ljóðin við tíma, aðstæður og persónur þegar þau urðu til. Í ljós kom að aldur nokkurra ljóðanna er á reiki og aðeins hægt að styðjast við tilgátur.

Hægt var að sjá mismunandi hugarástand skáldsins með lestri ljóðanna og kom það oft heim og saman við aðstæður í lífi hans hverju sinni.

Myndmál var athugað og tengsl við aðra höfunda, einnig þýðingar Jónasar, sumar frjálslegri en aðrar.

Margt bendir til að ljóðin séu fremur túlkun hans á tilfinningum blönduð áhrifum rómantísku stefnunnar fremur en að þau fjalli beinlínis um ákveðnar konur.

|                                  |           |
|----------------------------------|-----------|
| <b>ÁGRIP</b>                     | <b>1</b>  |
| <b>INNGANGUR</b>                 | <b>3</b>  |
| <b>1 UNGSKÁLDIÐ</b>              | <b>4</b>  |
| <b>1.1. Tilfinningar þróast</b>  | <b>4</b>  |
| 1.1.1. Fyrstu árin               | 4         |
| 1.1.2. Ad amicum                 | 4         |
| <b>1.2. Fullorðinn</b>           | <b>6</b>  |
| 1.2. 1. Kristjana                | 6         |
| 1.2.2. Söknuður                  | 7         |
| 1.2.3. Myndmál                   | 9         |
| <b>2. KAUPMANNAHÖFN</b>          | <b>11</b> |
| <b>2.1. Nýr veruleiki</b>        | <b>11</b> |
| 2.1.1. Borgarlífið               | 11        |
| 2.1.2. Sorgin                    | 11        |
| 2.1.3. Borgardætur               | 12        |
| <b>2.2. Menntaskáldið</b>        | <b>13</b> |
| 2.2.1. Náttúran                  | 13        |
| 2.2.2. Rómantíkin                | 14        |
| <b>3. FLEIRI ÍSLENSKAR ÁSTIR</b> | <b>15</b> |
| <b>3.1. Aftur heima</b>          | <b>15</b> |
| 3.1.1. Hólmfríður                | 15        |
| 3.1.2. Ég bið að heilsa          | 15        |
| <b>3.2. Ferðalok</b>             | <b>16</b> |
| 3.2.1. Kvæðið                    | 16        |
| 3.2.2. Tilurð                    | 17        |
| <b>4. SÍÐUSTU ÁRIN</b>           | <b>19</b> |
| <b>4.1. Erótísk ljóð</b>         | <b>19</b> |
| 4.1.1. Illur lækur               | 19        |
| 4.1.2. Eftir assembléen          | 20        |
| <b>4.2. Þyngsli</b>              | <b>21</b> |
| 4.2.1. Erfiðleikar               | 21        |
| 4.2.2. Stökur                    | 22        |
| 4.2.3. Endalokin                 | 24        |
| <b>LOKAORÐ</b>                   | <b>25</b> |
| <b>HEIMILDASKRÁ</b>              | <b>26</b> |

## Inngangur

Jónas Hallgrímsson var fjölbærur fræðimaður. Líklega muna hann þó flestir sem viðkvæman, skapríkan ljóðahöfund er var ófeiminn við að notfæra sér strauma rómantísku stefnunnar í umfjöllun um tilfinningar og hugðarefni sem fáir höfðu þorað að reifa. Ljóð hans um ástina hafa staðist tímans tönn á ótrúlegan hátt þó þau séu nú brátt tveggja alda gömul. Lífsreynsla hans, ástir og sorgir, menntun á sviði heimsbókmennta og ótrúlega frjór hugur áttu þátt í að móta fögur sköpunarverk í anda rómantísku stefnunnar sem við höldum stolt á lofti enn í dag. Mörg áhrifamestu ljóð hans eru fyrir löngu orðin inngróin í þjóðarsálina.

Ævi Jónasar má skipta í nokkur skeið sem líklegt má telja að hafi haft áhrif á þroska hans sem skálds. Þannig upplifði hann gleði og sorgir tengd ást og söknuði bæði sem ungur drengur, skólapiltur, fúgetaskrifari í Reykjavík, fræðimaður og stúdent í Danmörku.

Hér er ætlunin að beina sjónum að þroskasögu tilfinningaverunnar Jónasar, túlkun hans á ást og eftirsjá í ljóðunum á hverju tímabili ævinnar. Slík könnun á efninu með hliðsjón af tíðaranda og ríkjandi bókmenntastefnu á tímum skáldsins er kjörin fyrir íslenskukennara. Með því að skoða ljóðin með tilliti til aðstæðna og æviferils má dýpka skilning lesandans og auka enn á ánægju þá sem fylgir því að lesa og upplifa vönduð ljóð sem fjalla um sammanlegt efni er aldrei fellur úr gildi.

# 1 Ungskáldið

## 1.1. Tilfinningar próast

### 1.1.1. Fyrstu árin

Flestir munu sammála um það að grunnur að tilfinningaþroska einstaklings sé lagður á æskuárum. Hvað þjóðskáldið Jónas Hallgrímsson varðar þá höfum við ekki ástæðu til annars en ætla að hann hafi notið ástar og umhyggju í foreldrahúsum. Sviplegur föðurmíssir þegar Jónas var aðeins níu ára gamall hefur þó án efa markað djúp spor í barnssálina. Einnig það að hann var í kjölfarið sendur burt af heimilinu. (Páll Valsson, 1999:11-12). Söknuðurinn, sem síðar átti eftir að koma svo oft fram í verkum hans, var því snemma með í för.

Hann naut tilsagnar tveggja presta á unglingsárum. Að því búnu settist hann sextán ára í Bessastaðaskóla þar sem hann stundaði nám á árunum 1823-29. Skólinn varð seinna þekktur sem vagga margra rómantískra skálda (P.V.1999:17-20).

### 1.1.2. Ad amicum

Á Bessastaðaárunum hefur pilturinn verið farinn að velta fyrir sér kærleikanum í sínum ýmsu myndum. Þannig kemst hann að þeirri niðurstöðu í stórmerkilegu ljóði sem hann kallar „Ad amicum“ að vináttan sé hin eina sanna ást. Í tíunda erindinu segir hann:

Þá sá alfaðir,  
að ónóg var  
brúðar ást  
eða blóðskylda  
þungar raunir  
þjáðra manna  
allar að létta  
und oki lífs.

Fjórtaða erindið fjallar svo um það sem upp á vantaði eða vináttuna sem alfaðir sendi nú:

Hreinlynd hjörtu  
og hugarprúð  
ást einlægri  
æðri kynja  
ylnuðu þá,  
er um aldir síðan  
vóx, við hélst;  
þaðan er *vinur* um kominn.  
(Ritverk I 1989:20-:21)

Síðari erindin fjalla svo um sjálfsævisögulegt efni og kjarninn er djúpstæð vinátta hans sjálfs og skólabróður, Gísla að nafni.

Óhætt mun að fullyrða að fegurri óður til vináttunnar hafi sjaldan verið saminn. E.t.v. mun Jónasi hafa þótt vinasamband mun traustara að byggja á heldur en rómantísk ást sem var svo mörgum skilyrðum háð að mega rækta. Ótrúlegt að þetta viskuprunna ljóð skuli samið af pilti um eða innan við tvítugt. Greinilega hafa fornbókmenntir, íslenskar og erlendar átt sinn þátt í að móta skáldagáfu hans og hugsun.

Hvað varðar guðfræðilega túlkun kvæðisins telur Sveinn Yngvi Egilsson að það sé „...mjög ókristileg endurritun á sjálfri boðuninni“ (Sveinn Yngvi Egilsson 1999:94). Hann bendir einnig á að í kvæðinu sé „...maðurinn aldrei rekinn úr Paradís. Hann verður bara einmana í allri náttúrudýrðinni“ (S.Y.E. 1999:95). Á námsárum Jónasar gaf nám í Bessastaðaskóla réttindi til prestskapar þannig að hugmyndir hans um guð og kærleikann eru hvort tveggja byggðar á lestri og eigin tilfinningalegri reynslu.

Kvæðið gefur fyrirheit um það sem síðar kom. Boðskapurinn reynist einnig athyglisverður með tilliti til þess hve skammvinn ástarævintýri Jónasar síðar urðu og í raun voru það vinirnir sem reyndust honum traustastir. Útskriftarneminn er djúpt þenkjandi við brottför. Í lokaprófsræðu sinni segir Jónas m.a. að illa fari fyrir þeim sem geri sér

...nokkurn jarðneskan hlut ómissandi[...]bindi hjartað við eitthvað það sem hann hlýtur án að vera.[...] ekki [séu] þeir svo fáir sem haf[i] lifað gleðilausa elli, af því þeir hvörgi fundu það sem þeir í ungdæminu nutu og hjartað þess vegna girntist á fullorðinsárum

(Ritverk I 1989:338).

Með þessu hugarfari yfirgaf hann skólann greinilega staðráðinn í að láta ekki tilfinningarnar hlaupa með sig í gönur.

## **1.2. Fullorðinn**

### **1.2. 1. Kristjana**

Jónas gegndi starfi fógetaskrifara í Reykjavík um skeið að námi loknu og tók þar þátt í menningarlífi bæjarins. Vilhjálmur Þ. Gíslason segir um þennan tíma í lífi Jónasar: „...ljóðform hans þroskaðist, stílskyn hans og mál mýktist [...] keppti lítt til mikilla átaka eða stórræða en staðnaði heldur þar sem mátt hefði vænta aukins lífs og gróandi listar...“ (Vilhjálmur Þ. Gíslason 1980:49). Skrifarinn ungi hafði ánægju af því að klæða sig uppá samkvæmt danskri tísku (Bréf Tómasar Sæmundssonar 1907:61). Hefur sjálfsgagt viljað ganga í augun á stúlkunum. Enda ástin á næsta leiti.

Stúlka sú, sem talið er að hafi töfrað skáldið svo um munaði, var hin aðeins tæpra sextán ára Kristjana Knudsen, dóttir kaupmannsekkju í Landakoti. (Páll Bjarnason 1969:55). Hún og systur hennar þrjár voru vinsælar hjá ungu mönnum í bænum og Jónas fór að venja til hennar komur sínar veturinn 1829-30 (P.V.1999:63).

Tómas Sæmundsson vinur hans óttaðist að Jónas myndi jafnvel hætta við fyrirhugaða námsdvöl í Kaupmannahöfn. Í bréfum Tómasar má lesa fortölur eins og : „...en trúlofist þú, Jónas, þá aumka ég þig og græt yfir þér...“ (Bréf Tómasar Sæmundssonar 1907:78).

En Jónas var ekki sá eini sem renndi hýru auga til Kristjönu. Páll Valsson hefur þetta eftir Jóhanni Halldórssyni: „Dáindis laglega gengur til í Landakoti. Jónas og Morus rífast um Kristjönu...“ Og síðar: „Henni skal lítast betur á Morus og mæla þau sér mót hjá Chr. Jacobssyni, hvar þau oft hafa lokað sig 2 ein inni. Þetta veit ei Jónas en heldur að hún vilji sig...“ (P.V. 1999:68).

Keppinautur skrifarans mun hafa verið verslunarmaður á staðnum. (P.V.1999:68).

Talið er að Jónas hafi ort til Kristjönu indælt kvæði á dönsku sem hann kallaði „Skönne pige“. Þriðja erindi þess hefst á orðunum: „Rörte hjerte, med din søde smerte“ (Ritverk I 1989:54). Einnig gerði hann annað á íslensku sem hafði fegurð meyjar að efniviði og kallast „La belle“. Þar fjallar hann um fegurð ástvinunnar og lýsir henni fjálglega. Talar um „himinbros á kinnum“ og „háls inn frjálssa“ (Ritverk I 1989:49). Hér

vekur líkama stúlkunnar honum aðdáun svo ekki sé meira sagt. Holdleg ást er einmitt alkunn í verkum rómantísku stefnunnar (Heimir Pálsson 1990:111).

Ekki er gott að ímynda sér hvernig ævi Jónasar hefði orðið ef ást hans og Kristjönu hefði verið ætlað að blómstra. Hitt er í það minnsta staðreynd að hún giftist Edvard Thomsen kaupmanni í Vestmannaeyjum 1832, þá átján ára og ófrísk (Páll Bjarnason 1969:59).

Sama ár sigldi Jónas til náms í Kaupmannahöfn.

### 1.2.2. Söknuður

Eitt allra fegursta ástarkvæði Jónasar ber nafnið „Söknuður“. Margir fræðimenn telja hann hafa ort það til Kristjönu. Þannig segir Vilhjálmur Þ. Gíslason þá sögu hafa gengið hjá „vinum hans og einkum fjölskyldu Kristjönu“ (V.Þ.G.1980:67).

Einar Ól. Sveinsson bendir á tengsl kvæðisins við annað líkt eftir Goethe sem nefnist „Ég minnst þín“ eða á þýsku Nahe des Geliebte (Einar Ól. Sveinsson 1956:254). Við samanburð kvæðanna dylst engum að Einar muni hafa mikið til síns máls.

Dick Ringler telur Jónas hafa unnið ljóðið upp úr gamalli frumgerð þess sem kallaðist „Man eg þig Mei“ og látið birta það í Fjölni vegna loforðs um efni í blaðið. Jafnvel telur hann breytingarnar unnar í flýti vegna tímaálagsins (Ringler Dick 1995:20-21).

Ringler bendir á hvernig Jónas hefur sleppt heilu erindi úr frumgerðinni annaðhvort til þess að þjappa kvæðinu saman eða vegna þess að í viðkomandi erindi hafi verið að finna of mikla líkingu við ljóð hans sjálfs „Ferðalok“ (Ringler 1995:23).

Einnig telur Ringler að Jónas hafi kallað afurð sína „breitt kvæði“ því hér sé í raun um að ræða frjállega þýðingu á Nahe des Geliebte en að þýðingin sé í raun róttækari en svo að telja meg þana „útlekkingu“ Jónas hafi þó viljað gefa lesendum þennan fyrirvara (R.D. 1995:28). Jón Ólafsson hefur árið 1913 bent á að undirtitillinn „breitt kvæði“ þýði í raun að Jónas hafi endurbætt það (Jónas Hallgrímsson 1913:128-29).

Önnur skýring á því af hverju Jónas hefur dregið fram úr þússi sínu þetta æskuljóð er sú að að búseta Kristjönu factorsfrúar í Kaupmannahöfn frá árinu 1840 hafi vakið upp gamlar minningar (P.V.1999:72). Þórður Guðmundsson sagði Jónas hafa mætt konu líkri

fatkorsfrúnni á götu og „...Jónas bliknaði í framan hann varð allur annar maður langa stund...“ (Indriði Einarsson 1959:20).

Vissulega verður ekkert fullyrt um það hvort „Söknuður“ sé afsprengi æskuástar á Kristjönu eða hvort eingöngu sé um að ræða útleggingu á ljóði Goethes. Telja má þó að baki ljóðinu liggi djúpur tregi og vonbrigði í ástum. Af öðrum skrifum Jónasar þekkjum við hann sem mikla tilfinningaveru með góða tjáningarhæfileika. Hér getur að líta kvæðið sem birtist í Fjölni 1843:

Man eg þig, mey!  
er hin mæra sól  
hátt í heiði blikar;  
man eg þig er máni  
að mararskauti  
sígur silfurblár.

Heyri'eg himinblæ  
heiti þitt  
anda ástarómi:  
fjallbuna þylur  
hið fagra nafn  
glöð í grænum rinda.

Lít eg það margt  
er þér líkjast vill  
guðs í góðum heimi:  
brosi dagroða  
blástjörnur augum  
liljur ljósri hendi.

Hví hafa örlög  
okkar beggja  
skeiði þannig skipt?  
hví var mér ei leyft  
lífi mínu  
öllu með þér una?



Löngum mun eg,  
fyrir hin ljósa mynd  
mér úr minni líði,  
á þá götu,  
er þú ganga hlýtur,  
sorgaraugum sjá.

Sólbjartar meyjjar  
er eg síðan leit,  
allar á þig minna;  
því geng eg einn  
og óstuddur  
að þeim dimmu dyrum.

Styð eg mig að steini,  
stirðnar tunga,  
blaktir önd í brjósti;  
hnigið er heimsljós,  
himinstjörnur tindra-  
eina þreyi' eg þig.  
(Ritverk I. 1989:49-51)

Sá sem þetta mælir er heltekinn af minningunni um stúlkuna sem honum auðnaðist ekki að eiga. Sjálf náttúran minnir á kvenlega fegurð hennar. Jafnvel reyna stjörnur og blómin að líkjast henni. Hann horfir á götuna, sem hún gengur, með sorg í augum. Engin önnur stenst samanburð við ástina hans og þess vegna kýs hann að vera einhleypur til æviloka. Höfundur finnur dauðann nálgast og söknuðurinn er hans síðasti fylginatur.

Eins og áður er minnst á gengu Jónas og Kristjana sömu götur bæði í Reykjavík og síðar þegar hún bjó í Kaupmannahöfn og talið er að þau hafi mæst (I.E. 1959:20).

### 1.2.3. Myndmál

Notkun Jónasar á liljum og öðrum blómum í ástarljóðum sínum kemur einnig fram í „Skönne pige“. Þar segir hann t.d. í upphafi fimmta erindis:

Skönne, blide!  
Vårens liljer hvide,  
Sommerrosen kan ej ligne dig;

Og í sjötta erindi sams konar líking og kemur fram í „Söknuði“ þegar hann talar um stjörnur og augu:

Som dit øje  
stjernen i dit høje.

Í áttunda erindi kemur engill við sögu líkt og síðar í ljóðinu „Ég bið að heilsa“:

Hulde engel!  
blomsten på sin stængel  
(Ritverk I. 1989:54-55)

Myndmálið virðist þannig hafa verið honum jafntamt þegar hann orti á danskri tungu.

Margoft hefur verið talað um áhrif frá Bjarna Thorarensen á yrkingar Jónasar. Einar Ól. Sveinsson segir að Jónas hafi úr kvæðum Bjarna drukkið í sig anda rómantíkurinnar. (E.Ó.S. 1956:250). Þeir skáldbræður hafa þannig löngum verið spýrtir saman í fræðiritum og hefur Kristján Albertsson líkt ljóðabókum þeirra við helgar guðagjafir á erfiðleikatímum (Kristján Albertsson 1945:81). Nokkur skyldleiki virðist því vera með brúnastjörnum Jónasar og þegar Bjarni segir

Því aðrar fegri eru tvær  
er mér tindra miklu nær  
og undir Svövu augabrúnum skína.  
(B.Th.1976:117).

Bjarni talar víða um liljur og önnur blóm í ástarljóðum sínum eins og Þorleifur Hauksson hefur fjallað um í grein sinni (Þorleifur Hauksson 1968:16-19).

Ágætt og sigilt verkefni fyrir ljóðaáhugafólk væri að bera saman myndmál beggja í ljóðum þeirra sem og fleiri samtímahöfunda.

## 2. Kaupmannahöfn

### 2.1. Nýr veruleiki

#### 2.1.1. Borgarlífið

Sá veruleiki, sem mætti Jónasi við komuna til Hafnar árið 1832, er hann hóf þar lögfræðinám, mun alls ólíkur lífinu í hálfðanska sjávarþorpinu Reykjavík. Dagný Kristjánsdóttir bregður upp mynd af götulífi þar sem hávaðinn er ærandi, fátæktin mikil og þrengsli, óhreinindi og óþefur eru við það að kæfa almúgann (Dagný Kristjánsdóttir 1989a:172-173).

Ekki skrytið að hann hafi á þessum tíma gert íslenska náttúru að yrkisefni þar sem fossaniður og fuglasöngur ómaði og blómin uxu á grænum grundum.

#### 2.1.2. Sorgin

Því miður var sorgin ekki langt undan en líf margra úr vinaljófum endaði með voveiflegum hætti í þessari gróðrastíu sjúkdóma og vösbúðar. Drykkjuskapur og þunglyndi tók einnig sinn toll. Fjórða erindi Saknaðarljóðs hefst á þessum orðum:

Mjög hefi' eg síðan  
til moldar ganga  
ættmenni best  
og ástvini séð  
(Ritverk I 1989:71).

Ekki þarf að draga í efa áhrif sorgar vegna ástvinamissis í bland við fátækt og heimþrá á ungan manninn sem þar að auki hafði nýlega verið hryggbrotinn í ástum. Hafði hann ekki einmitt talað um það í útskriftarræðu sinni á Bessastöðum hve varhugavert væri að binda ást við það sem hverfult gæti reynst? Kannski hann hafi einmitt þess vegna ekki reynt mikið til þess að leita að ástinni næstu árin. Mottó hans að njóta líðandi stundar í hverfuleika lífsins kemur vel fram í Vísum Íslendinga:

en ef við sjáum sólskinsblett í heiði  
að setjast allir þar og gleðja oss.

Kvæðið endar á þeirri fullyrðingu hans um það að:

...bestu blómin gróa  
í brjóstum sem að geta fundið til.  
(Ritverk I. 1989:64).

Eins og mörg önnur skáld gerir hann sér grein fyrir því að sársaukinn er oft uppspretta þroska og dýrmætra verka. Þannig finnur hann e.t.v. leið til að sætta sig við mótlæti sitt. Ljóðin eru hans leið til að fá útrás, tjá það sem hann þarf að koma frá sér.

### 2.1.3. Borgardætur

Siðferði borgarbúa hefur ef til vill ekki alltaf verið mjög hátt skrifað þegar kom að samskiptum kynjanna. Vændiskonur reyndu að tæla til sín karla í von um aur fyrir salti í grautinn. Forvitnir einmana útlendingar hafa kannski verið ákjósanleg fórnarlömb þó auraráðin hafi ekki verið mikil. Nokkrar heimildir eru til af kynnum Jónasar við slíkar konur og talar hann um „flyðrur“ Þannig segir hann í bréfi til vinar síns Konráðs Gíslasonar: „Þegar ég kom í Stúðensstræti rétti flyðra höndina út um glugga og sagði: „Söde Herre!“[...] en ég er nú skynsamari en svo“ (Ritverk II 1989:218-219).

Nafngiftina „flyðru“ kveður Dagný Kristjánsdóttir vera til komna þannig að vændiskona kallast á dönsku „ludder“ en flyðra er annað íslenskt heiti yfir fiskinn lúðu (D.K.1989b:347). Í kvæðinu „Bágindi“ segir hann :

Illá er mér við óleik þinn,  
Er þér heimilt þútuskinn,  
En láttu vera líkama minn,  
Lifandi sálar koppinn!“  
(Ritverk II 1989:203).

Ekki hefur verið auðvelt fyrir námsmann sem rétt skrimti að komast í kynni við stúlkur af borgarastétt. Varla hefur íslenskur sveitamaður með engar fastar tekjur og svo framandi áhugamál sem náttúrufræði talist vænlegur tengdasonur brodborgaranna.

Enda mun fátt til skrifað um kvennamál Jónasar í Höfn.

Hins vegar minnst hann sums staðar í bréfum skrifuðum á ferðalögum um Danmörku á stúlkur sem hann hefur hitt: „...hér er falleg stelpa, en ég hef ekkert að kalla getað talað við hana. [...] Konan er hér um bil 17 vetra, lítil og snyrtileg og glaðleg...“ (Ritverk II 1989:277).

Hann hefur einnig ort í galsa um kynni sín af dönskum samferðakönnum sem lítið er vitað um. Talar m.a. um „þrjónameyjar og þíknaþjöld“ (Ritverk II 1989:279). Flest af þessum óræða kveðskap og dylgjum í bréfum hans má telja að tákni aðeins stutt eða ábyrgðarlaus kynni sem engin eftirmál höfðu önnur en að lyfta geði hans tímabundið.

## **2.2. Menntaskáldið**

### **2.2.1. Náttúran**

Jónas menntaði sig í náttúrufræði og starfaði við fagið öðru hverju. Víða kemur náttúran við sögu í ástarljóðum hans og innblásinn af rómantísku stefnunni sér hann Ísland fyrir sér sem hina miklu „hagsælda hrímhvít[u] móð[u]r.“ (Ritverk I 1989:80). Hér er kvenímyndin sterk og hrein, tákn landsins sem rís sæbarið úr öldunum. Sú sterkasta ást, sem hann getur hugsað sér, þ.e. móðurástin, kemur bæði fram þegar hann tákngerir Ísland sem móður og eins í ljóðinu „Móðurást“ þar sem fátæk móðir er „fögur í tárur, en mátturinn þverr-“ (Ritverk I 1989:75).

Hann þýddi líka og orti hjartnæm ljóð um konur sem voru hulduverur fjötraðar í líkama eða á einhvern hátt fangar náttúrunnar. Sæunn hafkona er t.d. hafmeyja og ljóðið byggt á kvæði eftir Heine. „Arngerðarljóð“ eftir P.L. Möller fjallar um konu sem er í rauninni örn og þráir að fljúga frjáls um geiminn (Ritverk I 1989:238-240). Hulda í „Hulduljóðum“ er einhvers konar náttúruandi sem kallar á skáldið, rödd landsins (Ritverk I 1989:116-126). Í ljóðunum birtist einhver óútskýranleg lotning fyrir kvenleikanum sem þó er oft svo grátt leikinn af mönnum og örlögum.

Hlutskipti kvenna var í tíð Jónasar ekki öfundsvert. Bundnar af hefðum lutu þær yfirráðum karla. E.t.v. hefur hann fundið einhverja samkennd með slíkum kvenverum, þessa heims eða annars sem ekki fengu að njóta sín, fljúga. Sjálfur hafði hann ekki alltaf verið lukkunnar þamfill.

Fallegt myndmál, þar sem persónurnar eru runnar saman við náttúruna má einnig sjá í þessari þýðingu hans á Heine: „þinn er ég himinn, og þú ert þekkasta stjarnan mín“ (Ritverk I 1989:232).

Kristján Árnason hefur vakið athygli á því að Jónas leitast við að lýsa upp kvæði Heines, þ.e. bjartara er yfir þýðingum hans heldur en frumgerðinni. (Kristján Árnason 1990:39-40).

Náttúran og huldur kraftar hennar, ástin og Guð, eru undirliggjandi í fjölmörgum verkum hans frá Hafnarárunum. Það má teljast afar eðlilegt ef haft er í huga að maðurinn var undir sterkum áhrifum frá rómantísku skáldunum auk þess að vera prestlærður starfandi að náttúrufræðingum. Þar að auki tilfinninganæmur og athugull. Náttúran var í hans augum að sögn Kristjáns Árnasonar „...engin draumsýn heldur sú fasta og ápreifanlega móðir sem maðurinn hlaut að leita skjóls hjá ...“ (K.Á.1990:39). Og er móðirin ekki einmitt tryggasta og ástríkasta konan í lífi flestra?

### 2.2.2. Rómantíkin

Áhrif rómantísku stefnunnar í ljóðum Íslendinga má rekja til Bjarna Thorarensen sem hlýddi á boðberann Henrich Steffens á fyrstu árum nítjándu aldar (Heimir Pálsson 1990:84). Síðan var Heine hinn mikli meistari kaldhæðninnar stór áhrifavaldur í skáldskap Jónasar. Þeir áttu það sameiginlegt skáldbræðurnir að hafa orðið fyrir vonbrigðum í ástum (P.V.1999:98). Einnig má nefna hinn norska Welhaven (P.V. 1999:95). Jónas þýddi líka ljóð eftir Schiller og var ágætlega kunnugur helstu verkum rómantísku stefnunnar hverju sinni.

Auk myndmáls, tákna og goðsagna, hugmynda um samband manns og náttúru er einnig einkenni rómantísku stefnunnar að hún leitar fyrirmyndar í miðöldum Evrópu. Þar að auki fylgir stefnunni mikil þjóðerniskennd (Heimir Pálsson. 1990:91). Allt þetta er auðvelt að koma auga á við lestur ljóða Jónasar. Til að mynda er Eggert Ólafsson í Hulduljóðum ekki ósvipaður hugprúðum riddara miðalda sem bjargar ástkonu sinni (Huldu, landinu, þjóðinni).

Ástamálin eru oft sorgum blandin í rómantísku verkunum. Þannig hefur Jónas t.d. þýtt söguna um Eggert Glóa eftir Tieck. Sagan fjallar um óhamingjusama elskendur og endar með dauða beggja. Dagrúnarharmur kallast þýðing hans á kvæði Schillers um ást,

aðskilnað og dauða. Mörg sterk orð er að finna í kvæðinu. Helvíti kemur þar nokkrum sinnum fyrir auk annarra álíka áhrifamikilla orða. Jónas virðist hafa átt afar auðvelt með að orða miklar tilfinningar. E.t.v. hefur enn bitur reynslan komið að notum.

### **3. Fleiri íslenskar ástir**

#### **3.1. Aftur heima**

##### **3.1.1. Hólmfríður**

Á árunum 1839-42 dvaldi Jónas víðs vegar á Íslandi við náttúrufræðirannsóknir. Meðal annars hélt hann til við Mývatn þar sem hann kynntist hinni tæplega átján ára gömlu prestsdóttur Hólmfríði Jónsdóttur. Sögusagnir um samband þeirra hafa gengið meðal ættingja hennar þó heimildir skorti þar um. Um þetta leyti stóð hugur hans til prestskapar á Íslandi og vera kann að hann hafi séð þar gott efni í prestsfrú (P.V.1999:246).

Þarna urðu til áhrifamikil kvæði um stórbrotna náttúru og myrk öfl í iðrum jarðar. Jónas var í essinu sínu að stunda áhugamálin: rannsóknir, skriftir og yrkingar. Ekki verra að hafa föngulega stúlku sér til aðstoðar og kannski pyttluna að súpa á.

Athygli vekur að líkt og Kristjana forðum var mærin kornung. Æskufegurðin heillaði stöðugt manninn sem þarna var kominn yfir þritugt. Kannski honum hafi fundist hreinleiki og sakleysi ungdómsins kærkomið mótvægi við veraldarvanar dætur Kaupmannahafnar. Ferskleiki Íslands mótvægi við sjúskaða stórborgina? Passar það ekki ágætlega við sjálfstæðisbaráttuna sem um þessar mundir ólgaði í íslenskum námsmönnum í Höfn? Hvað sem því líður giftist Hólmfríður síðar presti í Skagafirði (P.V.1999:246).

##### **3.1.2. Ég bið að heilsa**

Nokkrum árum síðar kom út hið þekktu „Ég bið að heilsa!“ljúfsárt ljóð Íslendinga í útlöndum sem saknar föðurlandsins og stúlkunnar sinnar í dalnum. Hann líkir henni við engil sem þó er í venjulegum búningi, með húfu og báða fætur á jörðinni. Englamyndin hefur áður sést í ljóðinu „Skönne pige“. Höfundur biður fuglinn að bera englinum kveðju sína. En af hverju skyldi hann ekki gera það sjálfur? Ljóðið endar á því að minna á að stúlkan sé hans. Kannski einhver annar hafi viljað gera tilkall til hennar?

Ýmislegt er talið benda til þess að Hólmsfríður sé stúlkan með húfunu. Sjálf mun hún hafa átt handrit að kvæðinu auk bréfa frá skáldinu (P.V. 1999:414). Eins og margt í lífi Jónasar er samband þeirra hjúpað dulúð.

Ljóðið er þó ódauðlegt og vandfundinn sá Íslendingur sem ekki getur raulað það undir lagi Inga T. Lárussonar. Enda í einfaldleika sínum svo myndrænt að flestir ættu að geta slegist í för með vorboðanum sem flýgur í norður til stúlkunnar. Kannski til að biðja hana að bíða aðeins lengur?

Svo má líka hugsa sér að engillinn í ljóðinu sé engin sérstök stúlka heldur aðeins samnefnari yfir saklausu sveitastúlkuna hversdagsbúnu sem hann getur svo vel hugsað sér að eyða ævinni með á gamla landinu. Búningurinn gegni því hlutverki að undirstrika íslenskt þjóðerni hennar og dalurinn rammur inn myndina.

## **3.2. Ferðalok**

### **3.2.1. Kvæðið**

Eitt frægasta ástarljóð Jónasar „Ferðalok“ var ekki prentað fyrr en eftir dauða hans 1845. Þar rifjar sveinninn (Jónas) upp kynni sín af stúlkunni sem hann saknar svo mjög. Ástin sem hann ber til hennar er ótakmörkuð. Fyrsta erindið kynnir fyrir lesandanum sveininn og heimahaga hans. Síðan hefst tjáning hans á tilfinningunum. Hann segir t.d. í síðari hluta annars erindis:

Hlekkvi brýt ég hugar  
og heilum mér  
fleygi faðm þinn í.

Þriðja erindi er á sömu nótum:

Sökkvi ég mér og sé ég  
í sálu þér  
og lífi þínu lífi:  
andartak sérhvert,  
sem ann þér guð,  
finn ég í heitu hjarta.



Næstu sex erindi segja frá ferðalagi elskendanna, þar sem líkingamál á borð við blómknapp (stúlkuna), blómvarir og sjónstjörnur auka enn á áhrifamátt kvæðisins. Í hinu sjöunda komum við aftur heim til hins einmana sveins. Lokaerindið er líklega þekktasti partur kvæðisins:

Háa skilur hnetti  
himingeimur,  
blað skilur bakka og egg:  
en anda sem unnast  
fær aldregi  
eilífð að skilið  
(Ritverk I 1989:221-223).

### 3.2.2. Tilurð

En um hverja er skáldið að yrkja og hvaða reynsla hefur snert hann svo djúpt? Sú saga varð lífseig að hér væri Jónas að rifja upp ferð sína norður yfir heiðar samferða Þóru Gunnarsdóttur prestsdóttur og föður hennar sumarið 1828 þá ungur skólapiltur (Hannes Pétursson 1979:152-155). Mjög hefur verið fjallað um það hvenær kvæðið á að hafa verið ort. Sumir telja um æskukvæði að ræða og það jafnvel ort strax að ferðalaginu loknu. (Indriði Einarsson 1959:17).

Hannes Pétursson heldur því hins vegar fram að kvæðið sé hreint ekki um Þóru. Hann bendir t.d. á að Jónas hafi beðið sr. Gunnar um hönd hennar og ekki fengið afsvar, heldur hafi prestur viljað láta reyna á ást þeirra þar sem Þóra var aðeins sextán ára gömul. Og Hannes rifjar upp að Þóra hafi beðið Jónasar í fjögur ár áður en hann loks sigldi utan (H.P.1979:162). En einmitt á meðan á þessum biðtíma stóð hitti hann Kristjönu eins og áður hefur verið lýst. Kannski kynnin við hana hafi orðið til þess að minningin um Þóru og bónorðið fölnaði.

Svo gæti auðvitað verið að seinna meir hafi hann iðrast þess að hafa frekar snúið sér að Kristjönu og ort kvæðið vegna samviskubits yfir því að hafa svikið Þóru. Ekki verri kenning en hver önnur eða hvað?

Dagný Kristjánsdóttir er Hannesi sammála. Hún telur ljóðið vera um ástina almennt:

„...um þrá eftir nánasta sambandi [...] efa um að það geti orðið, ótta um að það sé blekking og vissu um að veruleikinn skipti minna máli en sú blekking...“ (D.K.1989b:353).

Ekki er ólíklegt að áætla að kvæðið sé sambland af hvoru tveggja: þrá hans eftir hinni sönnu ást og minningabrot úr ástarævintýri sem e.t.v. var hans fyrsta.

Svava Jakobsdóttir hefur lagt mikla vinnu í að rannsaka efni ljóðsins. M.a. bendir hún á tengingar þess við smásöguna Grasaferð sem talin er byggð á bernskuminningu. Hún telur að hér sé hann jafnvel að leita mun lengra aftur í tíma heldur en til ferðalagsins með Þóru, að hann sé í raun að leita að Paradís bernskunnar (Svava Jakobsdóttir 1999 96-101). Hún kafar dýpra og færir rök fyrir því að Jónas hafi verið undir áhrifum frá Heine þar sem hún finnur ákveðin líkindi með myndmáli þeirra (S.J.1999:93-95). Það gæti bent til að kvæðið sé ort á Hafnarárum Jónasar. Ennfremur hefur Svava sökkst sér ofan í könnun á skyldleika Ferðaloka og Völuspár (S.J.1999:107-118).

Þórir Óskarsson túlkar niðurstöður Svövu á þann veg að persónuleg reynsla Jónasar og saga íslensku þjóðarinnar kristallist í ljóðinu og úr verði hans eigin goðsögn (Þórir Óskarsson 2000:162).

Hannes Pétursson er aftur á móti upptekinn af því að Ferðalok séu andsvar Jónasar við Sigrúnarljóðum Bjarna Thorarensen. Að Jónas leggi áherslu á hina lifandi fegurð stúlkunnar öfugt við Bjarna sem gæðir sína meyju kaldri fegurð dauðans (Hannes Pétursson 1979:185). Hannes veltir einnig fyrir sér eldra heiti ljóðsins en Jónas kallaði það fyrst „Ástin mín“. Þannig telur hann að gamli titillinn tákni ekki ákveðna stúlku heldur skilgreiningu höfundar á sinni eigin ást til mótvægis við hina sem Sigrúnarljóð fjalla um (H.P. 1979:184).

Þó örnefnin, sem koma fram í ljóðinu, bendi til þess að um raunverulegt ferðalag sé að ræða er alveg eins víst að höfundur sé þarna að segja ástarsögu, skáldaða, en kannski byggða á reynslu. Stúlkan í ljóðinu gæti allt eins verið ímynduð persóna, jafnvel búin til úr þeim konum sem honum hafa verið kærastar, eða þeim kvenlegu eiginleikum sem skáldið mat mest. Dalurinn djúpi gæti þess vegna verið tákn fyrir alíslensk heimkynni sveitapiltsins líkt og sumardalur stúlkunnar með skúfenn.

Jónas gæti t.d. verið að segja með öðrum orðum að aðra eins ást og hann kynntist meðan hann bjó á Íslandi hafi hann ekki fundið þrátt fyrir áralanga búsetu meðal menningar- og menntasinnaðra íbúa Danmerkur. Að hin raunverulegu Ferðalok þýði að

hann hyggist ljúka ævigöngu sinni heima á Íslandi. Vitað er að Jónas hugðist sækja um kennarastöðu á Íslandi stuttu áður en hann lést (Ritverk II. 1989:197-199).

Fá ljóð hafa líklega verið krufin jafn mikið og Ferðalok þannig að vart sér fyrir endann á þeim vangaveltum. Hver og einn hlýtur í hjarta sínu að búa yfir sinni eigin túlkun á ljóðinu. Í það minnsta hefur það hreyft við mörgum ljóðaðunnanda hátt á aðra öld.

## **4. Síðustu árin**

### **4.1. Erótísk ljóð**

#### **4.1.1. Illur lækur**

Meðan Jónas dvaldi á Sórey orti hann kvæði sem hann kallar „Illur lækur“ (Sveinn Yngvi Egilsson 2006:133). Þar segir frá ungri stúlku sem afsakar sig við móður sína vegna þess að lækurinn sem hún hafði verið að leika sér að stikla yfir hafði skvett á hana vatni. Þannig voru nærföt hennar ekki lengur þurr og hrein.

Klukkan mín, svo hvít og hrein  
hún er nú öll vot að neðan;

Hún lofar móður sinni því að láta ekki aftur heillast af þessum fjöruga og stríðna læk. Greinilega er hún þó afar hrifin af fegurð lækjarins og blómum á bökkunum sem hana langar að ná í.

Kvæði þetta, sem Jónas segir að sé „kveðið eftir þjóðkunnu spönsku kvæði“ (Fjölnir 1845:84), hefur afar erótískan undirtón. Þannig er nokkuð ljóst að lækurinn gegnir hlutverki hins spillta sem laðar til sín dyggðuga stúlku og lætur hana glata sakleysi sínu í augnabliks kæruleysi.

Meyjan unga sveiflast á milli hrifningar, spennu og hins vegar samviskubits. Hver vill eiga spillta stúlku? Hver vill óhlýðnast móður sinni? Þarna speglast þau siðferðilegu viðhorf sem voru við lýði langt fram á okkar daga. Lækurinn (syndum spilltur heimur eða lostafullur pilturinn) tælir stúlkuna sem misstígur sig á þröngum vegi dyggðarinnar.

Hefðirðu þá heyrt og séð hann,  
hvernig ertnin úr honum skein,

Hún þráir að endurheimta sakleysi sitt og traust móður sinnar ( samfélagsins). Mannorð hverrar stúlku var hennar dýrasta eign.

Sveinn Yngvi Egilsson, sem hefur rannsakað tilurð kvæðisins, telur að Jónas hafi þýtt það úr þýsku. Emanuel Geibel muni hins vegar hafa þýtt það úr frummálinu, spænsku (S.Y.E. 2006:138). Sveinn bendir líka á að Jónas hafi á ýmsan hátt leikið sér með kvæðið. Þannig láti hann t.d. stúlkuna heillast af blómum og fegurð á bökkum lækjarins öfugt við í spænsku útgáfunni þar sem lækjarniðurinn laðar hana að læknum (hættunni). Sömuleiðis að Jónas noti þarna blómatínslu, sem er alþekkt minni í ástarljóðum, líkt og hann gerir í Ferðalokum ( S.Y.E.2006:146-147).

Þá gömlu aðferð að túlka ljóðið sem barnaljóð um litla stúlku að leik telur Sveinn að tími sé kominn til að endurskoða, enda fjalli það um mun fullorðinslegra efni (S.Y.E. 2006:148). Fyrir okkur nútímafólk, sem velt höfum fyrir okkur bókmenntafræði og ekki síður hinum siðferðilegu gildum fyrri tíma, þá er hér greinilega um erótískt kvæði að ræða. Að sjálfsögðu þurftu skáldin að tala um slíkt undir rós og var Jónas þar engin undantekning.

Hvort um einhverja samsvörun við hans eigin reynslu af ástinni er hér að ræða er erfitt að segja. Í það minnsta hafa ekki allar vinkonur hans verið við eina fjölinu felldar. Hvernig var með jómfrúna Kristjönu? Líklegt er að hugarástand Jónasar og andrúmsloftið á Sórey hafi ráðið því að hann réðst í að vinna með þetta spænska kvæði. Af einhverjum ástæðum hefur það heillað hann. Kannski erótíkin hafi legið í sveitaloftinu á Sórey.

#### **4.1.2. Eftir assembléen**

Sóreyjardvölin virðist hafa haft hressandi áhrif á Jónas. Nú gat hann lifað laus við áhyggjur af fátækt um sinn. Samkvæmislíf í smábænum virðist hafa vakið með honum heitar kenndir. Þannig má finna erótísk áhrif í kvæði því sem hann kallar „Eftir assembléen“. Eins og áður er kunnugt var Jónas jafnvígur á dönsku og íslensku þegar kom að ljóðlistinni.

Í kvæðinu fjallar hann um upplifun manns sem hefur orðið skotmark ástarguðsins. Maðurinn ráfar viti sínu fjær af ást inn í skóginn þar sem veiðigyðjan er á ferð.

Ljóðið hefst á þessum línunum:

Ja, vidste du, ven, hvor mangefold  
Man prøves í fremmede lande!

Og í lokin er örvæntingin alger:

Hallo! Det er yde- ak, jeg må dø!  
Nu jage mig nymfermes hunde.  
(Ritverk I.1989:196).

Í bréfi til Fjölnismannsins Konráðs sem Jónas skrifar kvæðið fylgir með eftirskrift þar sem hann talar hálf samhengislaust um að slíkt hafist upp úr því að „...flana á vikivaka á föstunni.“ Einnig minnst hann á tvær konur af því tilefni. Þær eru: „...jómfrú Jessen frá Slagelse“. Hann segir að hún sé: „...fallegr en prestsdóttirin með sunn- og norðanbrjóstin sín“ (Ritverk II. 1989:192-93). Brandarinn um brjóstin á sér rætur í gríni um að danskar konur tali um brjóst sín eftir áttum (Ritverk II 1989:168).

Greinilegt að það hefur legið vel á Jónasi. Hann fullur af andagift og einhver brjóstgóð Sóreyjarmær hefur náð að heilla hann upp úr skónum, í bili að minnsta kosti. Eða jafnvel fleiri en ein?

Enn eitt dæmið um holdlegar þenkingar frá sælutímanum á Sórey er þýðing Jónasar á „Kossavísunum“ eftir þýska skáldið Adelbert von Chamisso (Páll Valsson. 1999:413). Kvæðið er afar lostafullt en í lokin kveður við tregafullan tón þegar talið berst að kveðjukossi. Þannig er alvaran aldrei langt undan í ástarljóðum Jónasar.

## **4.2. Þyngsli**

### **4.2.1. Erfiðleikar**

Margar sögur eru til af drykkjuskap Jónasar. Eftir suksamt ferðalag hans um Ísland má lesa ummæli sr. Björns Þorvaldssonar í bréfi þar sem hann talar um þann „vesæla og aumkunarverða Jónas[]“ (Ritverk I 1989:478).

Heilsuleysi hrjáði skáldið síðustu árin, bæði til líkama og sálar. Fylgifiskur drykkjunnar, eins og oft vill verða, var þunglyndi. Hann sagði sjálfur: „ Skammdegið hefur alltaf lagst þungt á mig síðan um veturinn ég lá...“ (Ritverk II 189:225). Á öðrum

stað segir hann í bréfi: „Lægi alltént vel á mér gæti ég sjálfsagt ort betur“ (Ritverk II 1989:226-27).

Hugarástand þunglynds einmana manns speglast í ljóðinu „Einbúinn“ þar sem sagt er frá endalausri leit að samastað í tilverunni. Síðara erindi hljómar svona:

En eg fann ekki neinn,  
eg er orðinn of seinn,  
þar er alsett af lifandi' og dauðum.  
Ég er einbúi nú,  
og á mér nú bú  
í eldinum logandi rauðum.  
(Ritverk I 1989:245).

Hver er þessi eldur? Er það eldur heitra ófullnægðra tilfinninga, eldur sársaukans, vonbrigði sem brenna hann innan? Jafnvel hinir dauðu hafa tekið sér pláss en hvergi virðist rúm fyrir hann sjálfan. Alls staðar utangátta.

Mikil viðbrigði hljóta að hafa orðið fyrir Jónas að koma úr áhyggjulausu allsnægtalífi á Sóreyjarheimilinu þar sem menningin blómstraði til þess að hokra einn í leiguhjalli í borginni með vini og drykkjubræður sem hina einu fjölskyldu. Nú var hann kominn vel yfir þrítugt, í raun á þeim aldri þegar flestir voru búnir að stofna heimili og komnir í fasta vinnu. Engan skyldi undra þó hugurinn hafi reikað til baka og fornar ástir rifjaðar upp á þessum erfiðu tímum.

#### 4.2.2. Stökur

Fáum mánuðum áður en Jónas lést orti hann þetta ljóð sem hann kallar Stökur:

Enginn grætur Íslending  
einan sér og dáinn,  
þegar allt er komið um kring  
kyssir torfa náinn.

Mér er þetta mátulegt,  
mátti vel til haga,  
hefði ég betur hana þekkt

sem harma ég alla daga.

Lifðu sæl við glaum og glys,  
gangi þér allt í haginn;  
í öngum mínum erlendis  
yrki ég skemmsta daginn

Sólin heim úr suðri snýr,  
sumri lofar hlýju;  
ó, að ég væri orðinn nýr  
og ynni þér að nýju!  
(Ritverk I 1989:223-224).

Eins og fyrr er minnst á er talið að Kristjana Knudsen hafi orðið á vegi skáldsins á götum Kaupmannahafnar um þetta leyti. (Indriði Einarsson 1959:20).

Hér er sjálfsvorkunnin takmarkalaus. Trúin á líf eftir dauðann virðist fokin út í veður og vind. Höfundurinn sér fyrir sér endalok sín sem útlaga, öllum gleymdan. Og á meðan hann endar ævina lifir ástvina hans í vellystingum. Hann óskar henni þess í það minnsta.

Ekki er aðeins um sjálfsmeðaumkun heldur einnig sjálfsásökun að ræða. „hefði ég betur hana þekkt“, segir hann og kennir sér um hvernig fór forðum. Ef til vill telur skáldið að ef hann hefði lagt sig betur eftir því að þóknast ástkonunni (e.t.v. Kristjönu) þá hefði hún kosið hann fram yfir þann sem hún giftist. Eða ef hann hefði gefið henni meira af tíma sínum.

Svo er einnig til í dæminu að hann eigi við hið gagnstæða: að hann óski þess að hafa séð í gegnum hana til þess að komast hjá að flækjast í neti hennar. Eins og áður hefur komið fram voru vonbiðlar Kristjönu fleiri en einn (Páll Valsson 1999:68). En hvað sem því líður þá óskar hann þess að upplifa ástina aftur, að byrja upp á nýtt. Kannski til þess að vera hlutskarpastur í samkeppninni?

Vitanlega eru engar sannanir fyrir því að Kristjana sé sú sem hér er ort um. Hún var þó greinilega um þessar mundir þátttakandi í glaumi borgarinnar og líf hennar sem kaupmannsfrúar gæti átt við þessa lýsingu (Ritverk IV1989:203). Það að hann segir „erlendis“ útilokar að um danska konu hafi verið að ræða.

Hver svo sem konan er þá eru „Stökur“ örvæntingarfull sjálfsásökun einmana manns með dauðageig. Hver veit nema skáldið hafi í raun fundið endalokin nálgast? Enda ljóðið með þeim síðustu á ævi hans.

### **4.2.3. Endalokin**

Þessi tilfinningaheiti fræðimaður og skáld lést langt um aldur fram úr afleiðingum fótbrots 26. maí 1945 (Ritverk IV 1989:36).

Þjáningar hans, efasemdir og ástir hafa átt sinn þátt í að skapa ódauðleg verk, ekki síður en hin sem fjalla um náttúruna, gleðina, lífið og allt hitt. Sennilega munum við halda áfram lengi enn að reyna að túlka þau án þess að komast að endanlegri niðurstöðu.

Þó er athyglisvert að sjá hvernig verk hans endurspegla tilfinningalífið hverju sinni líkt og hér hefur verið rakið. Líklega munum við lesendur því njóta ástar hans á konunum lengur en honum auðnaðist sjálfum.



## Lokaorð

Eftir að hafa fylgt Jónasi Hallgrímssyni gegnum hans stuttu ævi sjáum við að tilfinningalíf hans og skáldskapur hafa gengið í gegnum nokkur skeið. Fyrstu áhrifavaldar eru áföll í æsku. Síðar skólaganga á Bessastöðum og í Höfn, rómantíska stefnan og erlendar heimsbókmenntir.

Ennfremur áttu þátt í að móta skáldið kynnin af nokkrum konum sem virðast hafa snortið sál hans. Hafa þar verið nafngreindar þrjár: Þóra, Kristjana og Hólmfríður sem allar giftust þó öðrum.

Þrátt fyrir getgátur um þátt stúlnanna í tilurð ljóðanna má telja eins líklegt að ástin sjálf hafi verið umfjöllunarefnið fremur en þær hver um sig. Inn í ljóð hans fléttast svo vangaveltur um náttúruna, lífið, dauðann og Guð kryddaðar fögru myndmáli.

Jónas orti einnig og þýddi annars konar og holdlegri ástarljóð á Danmerkurárunum án þekktrar tengingar ljóðanna við konur. Skapsveiflur hans og aðbúnaður, auk heilsufarsvandamála lita einnig ástarljóðin.

Söknuðurinn virðist aldrei langt undan og er það kaldhæðni orlaganna að maður sem sjálfur var svo óheppinn í ástum skuli hafa gefið þjóð sinni mörg af dýrmætustu ástarljóðum fyrr og síðar.

## Heimildaskrá

- Bjarni Thorarensen. 1976. Þorleifur Hauksson bjó til prentunar. *Ljóðmæli*.  
Rannsóknastofnun í bókmenntafræðum, Reykjavík.
- Bréf Jóhanns Halldórssonar til Magnúsar Eiríkssonar*, Lbs. 303 fol.,  
Þjóðarbókhöfuð. Óprentuð heimild.
- Bréf Tómasar Sæmundssonar 1907*. Búið hefur til prentunar Jón Helgason.
- Dagný Kristjánsdóttir. 1989a. „Ástin og Guð“ *Tímarit Máls og menningar* 3. Mál og menning, Reykjavík.
- Dagný Kristjánsdóttir. 1989b. „Skáldið eina!“ *Tímarit Máls og menningar* 2. Mál og menning, Reykjavík.
- Einar Ól. Sveinsson. 1956. *Við uppspretturarnar*. Helgafell, Reykjavík.
- Fjölur 8. ár 1845.
- Hannes Pétursson. 1979. *Kvæðafylgsni*. Iðunn, Reykjavík.
- Heimir Pálsson. 1990. *Straumar og stefnur í íslenskum bókmenntum frá 1550*. Iðunn, Reykjavík.
- Indriði Einarsson. 1959. „Ástir Jónasar Hallgrímssonar“. *Greinar um menn og listir*. Hlaðbúð, Reykjavík.
- Jónas Hallgrímsson. 1913. *Ljóðmæli eftir Jónas Hallgrímsson*. 3. útgáfa. Jón Ólafsson og Jón Sigurðsson hafa séð um útgáfuna, Reykjavík.
- Kristján Albertsson. 1945. „Vorskáld Íslands“ *Helgafell* (útgefanda vantar), Reykjavík.
- Kristján Árnason. 1990. „Sæunn hafkona“ *Tímarit Máls og menningar* 4. Mál og menning, Reykjavík.
- Páll Bjarnason. 1969. *Ástakveðskapur Bjarna Thorarensens og Jónasar Hallgrímssonar*. Studia Islandica 28, Reykjavík
- Páll Valsson. 1999. *Jónas Hallgrímsson Ævisaga*. Mál og menning, Reykjavík.
- Ringler Dick. 1995. „Styð eg mig að steini- Uppruni þróun og merking ljóðs eftir Jónas Hallgrímsson“. Þýðing: Sverrir Hólmarsson. *Skírnir 169 ár*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Ritverk Jónasar Hallgrímssonar I*. 1989. Ritstj. Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson. Svart á hvítu, Reykjavík.

- Ritverk Jónasar Hallgrímssonar II.* 1989. Ritstj. Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson. Svart á hvítu, Reykjavík.
- Sveinn Yngvi Egilsson. 1999. *Arfur og umbylting*. Hið íslenska bókmenntafélag Reykjavíkur Akadémían, Reykjavík.
- Sveinn Yngvi Egilsson. 2006., „Kveðið eftir þjóðkunnunni spænsku kvæði“ *Skírnir, vor*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Vilhjálmur Þ. Gíslason. 1980. *Jónas Hallgrímsson og Fjölnir*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Þorleifur Hauksson. 1968. „Endurteknar myndir í kveðskap Bjarna Thorarensen“ *Studia Islandica* 27. Menningarsjóður, Reykjavík.
- Þórir Óskarsson. 2000. „Skáldskapur og saga“ *Andvari*. Hið íslenska þjóðvinafélag, Reykjavík.